

Fundur 28. ágúst 2026 kl. 12.00 - 12.45

Fundargestir

Fulltrúar samráðshóps: Herdís Hermannsdóttir, Ármann Halldór Jensson, Sonja Andrésdóttir og Alda Guðjónsdóttir sem var í fjarfundi.

Rannveig Ísfjörð byggingarfulltrúi og Hildur Sólveig Sigurðardóttir formaður umhverfis- og skipulagsráðs

Fundarstaður: Ráðhúsið og vettvangsferð.

Erindi

Formaður umhverfis- og skipulagsráðs óskaði eftir áliti frá Samráðshóp um málefni fatlaðra varðandi aðgengismál við félagsheimili Oddfellow stúkunnar við Strandveg.

Hópurinn fékk yfirferð á aðdraganda málsins, fyrri afgreiðslum ráðsins og málavöxtum, aðstæður kynntar og farið í vettvangsheimsókn.

Álit hópsins:

Samráðshópur telur ljóst að annar rampur myndi ekki bæta aðgengi frá því sem orðið er. Annar rampur til austurs, sem væri talsvert brattari en mælt er með myndi þýða enn frekari þrengingu gangstéttar á lengri kafla.

Hjólástóll og rafmagnshjólástóll kemst um gangstéttina framhjá stiga og rampi (sjá mynd). Gangandi vegfarendur gætu farið um tröppur og rampinn þegar fólk á hjólástól eða með barnavagn er að fara um gangstéttina. Hjólástóll eða barnavagn getur mætt gangandi vegfaranda á gangstéttinni, en aðstæður bjóða þó ekki upp á að mæta öðrum hjólástól eða barnavagni samtímis þar.



Hópurinn fagnar framtaki Oddfellow um að bæta verulega aðgengi að sinni stofnun en minnir á mikilvægi þess að horfa á heildarmyndina og almennt aðgengi við slíkar framkvæmdir. Hópurinn hvetur stofnanir og fyrirtæki til að fara eftir samþykktum teikningum og bendir á að ávallt er hægt að leita til Samráðshóps um málefni fatlaðra um ráðgjöf í aðgengismálum.

Hópurinn telur aðgengi á gangstétt framhjá húsnæðinu í lagi fyrir notendur hjólastóla.

Mikilvægt er að gengið verði vel frá aðkomu að svæðinu og að gangstétt verði samfelld (í flúkti) við kantstein til þess að full breidd gangstéttar nýtist.

Hópurinn mælir með að viðburðatengd P-merking verði á stæði við rampinn á Strandvegi til að auðvelda enn frekar aðgengi hreyfihamlaðra þegar viðburðir eru haldnir í húsnæðinu.

Herdís Hermannsdóttir
Ármann Halldór Jensson
Sonja Andrésdóttir
Alda Guðjónsdóttir